



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
við skólasetningu
Lýðskólans á Flateyri
6. september 2025**

Kæru skólastjórnendur, kennarar og nemendur, aðrir góðir gestir

Þakka ykkur innilega fyrir að bjóða mér að taka þátt í þessari áttundu skólasetningu Lýðskólans á Flateyri. Ég hef fylgst úr fjarlægð en af lifandi áhuga með því góða starfi sem hér hefur farið fram undanfarin ár og ég hef heyrt af nemendum sem hingað hafa sótt sér bæði menntun og lífsreynslu. Einn dýrmætasti ávöxturinn af náminu hefur í þeim tilvikum verið meiri víðsýni, aukið sjálfstraust og auðvitað nýir vinir.

Það er áhugavert að kynna sér þær tvær námsbrautir sem skólinn býður upp á: Lífið á Norðurslóðum og Hugmyndabraut. Ég verð að viðurkenna að þótt ég sé í fjölbreyttu og gefandi starfi þá öfunda ég ykkur sem eruð að hefja nám hér að þessu sinni. Ef satt skal segja, hefði ég ekkert á móti því að fá að slást í för með ykkur í fáeinar vikur, til dæmis í námskeiðunum „Skapandi hugsun“, „Fjallamennska og klettaklifur“, „Sjónræn sviðsetning“ eða „Brettið og brimið“. Það leikur enginn vafi á því að öll kæmu þau að góðu haldi í embætti forseta og þau verða ykkur vafalaust gott veganesti, hvert sem leiðin liggur í lífi og starfi.

Áður en ég lagði af stað hingað vestur var mér bent á gamla tímaritsgrein þar sem lýst var „fegursta lýðskóla Norðurlanda“. Hann var reistur við Valhallaveg í

Stokkhólmi í kringum aldamótin 1900 og minnti meira á konungshöll en skóla. Í greininni sagði meðal annars: „Litirnir á veggjum og loftum eru svo vel samvaldir, svo bjartir og blæhreindir, að hver sem í skólann kemur verður undir eins brúnaléttur og hugrór.“ Það hvarflar ekki að mér að gera beinan samanburð á þessari sænsku glæsibyggingu og hlýlegu húsnaði skólans ykkar á 2. hæð gamla kaupfélagsins hér á Flateyri. Hins vegar er ástæða til að vekja athygli á að starfsvettvangur ykkar næstu vikur og mánuði nær langt út fyrir vegg hinnar hefðbundnu skólastofu. Hann er í raun vestfirsku dalirnir, fjöllin og hafið. Frá þeim sjónarhóli eruð þið, að mínu mati, að hefja nám í einum af fegurstu lýðskólum Norðurlanda, enda er raunin sú að ýmsir sem ljúka hér námi dvelja áfram á Vestfjörðum, í lengri eða skemmri tíma.

Að auki má minna á að þegar maður stundar nám, sem er nokkuð opið og leyfir manni að fást við ólík viðfangsefni og kynnast nýju umhverfi, fær maður kjörið tækifæri til sjálfskoðunar. Þið eigið líklega eftir að uppgötva í vetur hvað kveikir áhuga, hverjir styrkleikar ykkar eru – og veikleikar – og jafnvel hvernig þið viljið verja ykkar eina, villta og verðmæta lífi. Um leið er hugsanlegt að þau tengsl sem þið myndið hér á komandi misserum, við samnemendur, kennara og fólkið á svæðinu, verði dýrmætasti ávöxtur dvalarinnar. Síðast en ekki síst styrkið þið tengslin við náttúruna, eins og ég nefndi áðan, tengsl sem ég tel að séu öllum lífsmáttumleg en fæst okkar leggja næga rækt við.

En náttúran, jafnvel í sínu fegursta skarti, bæði gefur og tekur. Fáir þekkja það betur en Vestfirðingar. Í ár eru 30 ár liðin frá því að snjóflóð féllu úr Skollahvilft á byggðina hér á Flateyri með hörmulegum afleiðingum. Tuttugu manns fórust; tíu karlar, sex konur og fjögur börn. Yngsta barnið var eins árs stúlka. Enn stærri hópi Flateyringa sem lentu í flóðinu var til allrar hamingju bjargað. Björgunarfólk vann ómetanlegt afrek við krefjandi aðstæður. Varnargarðarnir sem reistir hafa verið hér ofan við bæinn minna heimamenn

daglega á þessa erfiðu sögu og hve smá við erum andspænis náttúruöflunum. Við slíkar aðstæður uppgötvum við hve líf og framlag hvers og eins er dýrmætt og hvers virði það er að búa í samfélagi þar sem fólk tekur utan um hvert annað, með beinum og óbeinum hætti.

En hætturarnar leynast víðar. Ég hef á liðnum mánuðum lagt áherslu á að þó að við lifum á tímum stafrænnar sí tengingar erum við að upplifa tengslarof á ýmsum sviðum. Ég hef talað opinskátt um gildi hlýrra samskipta í lífi okkar og stutt stolt við bakið á Riddurum kærleikans, sem er opin hreyfing allra þeirra sem vilja mæta vaxandi ofbeldi og vanlíðan með kærleika og sameinast um að skapa betra og öruggara samfélag fyrir komandi kynslóðir. Við getum öll verið riddarar kærleikans og þeim mun fleiri sem velja þá leið, þeim mun betra og öruggara verður samfélag okkar.

Kæru nemendur og starfsfólk Lýðskólans á Flateyri.

Ég hvet ykkur til að leyfa kærleikanum að vera í fyrirrúmi í samskiptum ykkar. Hann er í mínum huga sá varnargarður sem getur veit okkur dýrmætasta skjólið í harðnandi heimi. Megi komandi skólaár verða ykkur gjöfult, gleðilegt og, síðast en ekki síst, kærleiksríkt.